

Samstarfssamningur

(Sjá skýringar á baksíðu.)

Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki og ([Sveitarfélag](#)), ([Kennitala](#)) ([Heimilisfang](#)) hér eftir nefnt sveitarfélagið, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning um söfnun, vinnslu og skil gagna fyrir þjónustukort.

1. Tengiliður

Sveitarfélagið tilnefnir starfsmann sem tengilið við verkefnið og tilkynnir Byggðastofnun nafn hans, netfang og símanúmer í tölvupósti með undirrituðum samstarfssamningi í síðasta lagi 7.júlí 2019.

2. Skráning á þjónustu sveitarfélagsins

Byggðastofnun sendir með tölvupósti til tengiliðs skrá yfir þær upplýsingar sem sveitarfélög eru nú beðin um að veita fyrir þjónustukortið ásamt undirrituðum samstarfssamningi. Tengiliður sendir Byggðastofnun skrána útfyllta til baka í síðasta lagi 12. júlí 2019. Auk heitis sveitarfélags, aðseturs og veffangs, er beðið um upplýsingar um afmarkaða þjónustuþætti innan sveitarfélagsins. Sjá nánari skýringar á bakhlið.

3. Uppfærslur

Tvisvar á ári fær tengiliður sent með tölvupósti þær þjónustuupplýsingar sem afhentar hafa verið Byggðastofnun og skráðar eru á þjónustukortið. Tengiliður yfirfer upplýsingarnar og tilkynnir Byggðastofnun innan tilskilinna tímamarka þær breytingar sem kunna að hafa orðið.

4. Greiðslur

Þjónustukortið er samstarfsverkefni stjórnvalda og sameiginlegt hagsmunamál ríkis og sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir greiðslum vegna skráninga fyrir þjónustukortið.

5. Aðgengi að gögnum

Gögn sem safnast til grundvallar fyrir þjónustukortið verða öllum aðgengileg.

6. Gildistími samnings

Með undirritun samningsins lýsir sveitarfélagið sig reiðubúið til samstarfs við Byggðastofnun vegna þjónustukortsins. Vilji sveitarfélagið hætta því samstarfi, skal það tilkynnt með tölvupósti á tengilið Byggðastofnunar.

(Staður) _____ dags. _____ ár _____

f.h. Byggðastofnunar

f.h. sveitarfélags

Skýringar með samstarfssamningi

Forsendur og markmið

Í sáttmála ríkisstjórnarflokksanna frá haustdögum 2017 segir: „Ríkisstjórnin mun hefja samstarf við sveitarfélögin um gerð þjónustukorts sem sýnir aðgengi landsmanna að allri almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila til að bæta yfirsýn og þar með skapa grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað.“ Vinna við þjónustukortið var í byggðaáætlun 2018-2024 falin Byggðastofnun í samstarfi við ráðuneyti, sveitarfélög og samtök sveitarfélaga.

Samstarf um þjónustukortið

Samstarf sveitarfélagsins og Byggðastofnunar nær til þess að þróa samstarf um kortið, hvernig gögn eru skráð og þeim skilað og hvernig kort nýtist sveitarfélagi best til þess að koma þjónustu í sveitarfélaginu á framfæri og kortið verði þannig öllum til hagsbóta. Í upphafi er óskað eftir gögnum um sjö þjónustuþætti sveitarfélags en hugsanlegt að með tíma fjölgi skráðum þjónustuþáttum ef áhugi er á og um semst.

Synjun sveitarfélags

Vilji sveitarfélag ekki taka þátt í samstarfi við Byggðastofnun með því að veita upplýsingar um eigin þjónustu fyrir þjónustukortið verður ekki unnt að birta slíkar upplýsingar um sveitarfélagið á kortinu.

Skráning

Óskað er eftir að sveitarfélagið skrái fjölgur atriði fyrir hvern þjónustuþátt:

1. Þjónustan heiti þjónustuþáttar.
2. Heiti stofnunar eða fyrirtækis sem annast þjónustuþáttinn (ekki rekstraraðili).
3. Póstnúmer og heimilisfang stofnunar eða fyrirtækis í nefnifalli.
4. Veffang þannig að byrji á http

Tengiliður Byggðastofnunar

Af hálfu Byggðastofnunar verður Anna Lilja Pétursdóttir tengiliður við sveitarfélagið og undirritaður samstarfssamningur og upplýsingar um tengilið sveitarfélagsins sendist henni á netfangið annalilja@byggdastofnun.is.